

Alþingi
Erindi nr. P 138/2928
komudagur 9.8.2010

Skafttholti 08.08.2010.

Til iðnaðarnefndar Alþingis.

Samtökin Sól á Suðurlandi, sárbiðja Alþingi Íslendinga um að fara hægt og varlega í samþykkt laga um vernd og nýtingu náttúruauðlinda, og biðja með hana þar til sátt hefur náðst um verkefnið sem kallað er Rammaáætlun um vernd og nýtingu þeirra sömu auðlinda. Félagar í Sól á Suðurlandi fjölmenntu á fund með verkefnisstjórn um Rammaáætlun síðastliðið vor og sýndi sá fundur að verkefnisstjórnin vinnur ekki með sjálfbæra þróun eða samfélagsleg verðmæti að leiðarljósi.

Þau virkjanaáform sem fá háa einkunn sem fýsilegir nýtingarkostir ógna bæði samfélagsgerð og náttúru, jafnvel í byggð og í rammaáætlun eru áhrif þeirra ekki könnuð til neinnar hlítar. Enginn hópur á vegum rammaáætlunar hefur lagt mat á þau gífurlegu áhrif sem umdeildar virkjanaframkvæmdir hafa á viðkvæm samfélög í dreifbýli, þar sem menningu og vellíðan íbúa á stórum landsvæðum er ógnað.

Hér verður ekki lagt neitt heildarmat á boðaða lagasetningu, heldur aðeins fjallað um þau atriði sem snerta boðaðar virkjanaframkvæmdir. Áformin hafa hangið eins og sverð yfir byggðinni við Þjórsá frá hálandinu og niður að sjó í rúman áratug og eru nokkur staðfest dæmi um að fólk hafi verið hrakið úr störfum, eða brotið niður andlega og fjárhagslega vegna skoðana sinna á virkjanaáformum í heimabyggð. Slíkt á ekki að geta gerst í lýðræðisþjóðfélagi, þar sem gagnsæi á að ríkja við ákvarðanir sem varða almannahag. Ekkert slíkt gagnsæi hefur verið í boði, hingað til og er ekki enn. Undirbúningur að ósamþykktum framkvæmdum við Þjórsá heldur áfram, eins og að leyfin til framkvæmda séu ekki annað en formsatriðin ein. Þau mál eru svo ekkert kynnt fyrir almenningi og jafnvel reynt að þræta fyrir að framkvæmdir séu í gangi.

Margsinnis hafa verið lögð fram óhrekjandi rök fyrir því að virkjanirnar sjálfar séu hvorki afturkræfar, sjálfbærar eða áhrifalítlar rennslisvirkjanir, í sátt við samfélagið, eins og ríkisfyrirtækið Landsvirkjun hefur haldið fram í áróðri sínum. Lagasetning um nýtingu náttúruauðlinda hlýtur að taka mið af þjóðinni, fólkinu í samfélaginu, sem nú er sagt að eigi auðlindirnar. Lög um nýtingu og eignarhald á auðlindum hafa ekki verið samin fyrir fólkið í landinu, heldur fyrir gróðasjónarmið stórfyrirtækja. Örlítið regluverk til að hindra að gróðafyrirtækin vaði yfir náttúruna er kannski betra en ekkert, en það þarf líka reglur til að orkuöflin vaði ekki yfir mannlíf og samfélög og skilji þau eftir löskuð.


Sól á Suðurlandi bendir á að samfélagsþáttinn vantar algjörlega, ekki aðeins í vinnu Rammaáætlunar, heldur líka í frumvarp það sem hér er til umsagnar. Sól á Suðurlandi telur að virðing fyrir einstaklingnum, samfélaginu og menningararfi þjóðarinnar sé algjörlega fyrir borð borin, sé sá þáttur látinn liggja milli hluta við setningu laga, sem eiga að stuðla að sátt um nýtingu náttúruauðlinda.

Sól á Suðurlandi vill að lög um vernd og nýtingu verði unnin betur og rammaáætlunin sjálf miklu betur. Þar komi inn heill nýr starfshópur sem snúi að samfélagsgerðinni og lífinu í landinu. Engin röðun virkjanakosta fari fram fyrir en sá þáttur hefur verið unninn af sanngirmi gagnvart fólkinu í landinu. Í þeim hópi verði gerð rannsókn á samfélaginu sjálfu og hvernig vinna skal að sátt og jafnræði þegnanna við rask sem óhjákvæmilega hlýst af stórfamkvæmdum. Í samfélagshópnum verði enginn frá orkugeiranum sjálfum, þar sem greiningar orkugeirans á menningu og samfélagi hafa hingað til verið rándýrar og ekki faglega unnar.

Þá leggur Sólin til að áður en lengra er haldið með virkjanir á Íslandi og sölu á auðlindum þjóðarinnar verði farið nákvæmlega ofan í saumana á vinnubrögðum í orkugeiranum síðastliðin tuttugu ár. Nú er þörf á sannleiksskýrslu um nýtingu auðlinda fremur en nýjum lögum sem greiða götu nýframkvæmda í orkugeiranum um ókomna tíð.

Virðingarfyllst, Sól á Suðurlandi.

Guðfinnur Jakobsson



Ingibjörg Elsa Björnsdóttir

